

LÖG

um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 3. mgr. 36. gr. b laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þá er lífeyrissjóði heimilt að binda allt að 5% heildareigna í hlutabréfum og skuldabréfum, sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, útgefnum af félögum þar sem meginstarfsemin er langtímaleiga íbúðarhúsnæðis til einstaklinga. Undir 2. málsl. falla jafnframt hlutir eða hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem fjárfesta eingöngu í hlutabréfum og skuldabréfum útgefnum af slíkum félögum, og skuldabréf sem sjóðir um sameiginlega fjárfestingu gefa út til að fjármagna slík félög.

2. gr.

Við 8. mgr. 36. gr. c laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Einnig er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hluta en 20% í félagi þar sem meginstarfsemin er langtímaleiga íbúðarhúsnæðis til einstaklinga eða í hlutum eða hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem fjárfesta eingöngu í hlutabréfum og skuldabréfum útgefnum af slíkum félögum. Hlutur lífeyrissjóðs skv. 2. málsl. má þó ekki vera stærri en 50% í slíku félagi eða sjóði um sameiginlega fjárfestingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 1. júlí 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.